

erska? Enn sem komið er hefir ekki verið byrjað á neinu „heiðingja trúboði“, né heldur hefir hið Vestur-íslenzka fagnaðar erindi verið boðað neinum útlendum þjóðum. Nefskattur sá gengur í það, að prédika yfir hausamótum vor Íslendinga. Hann gengur í það, að varna því, að vér verðum fyrir nokkrum áhrifum annars staðar frá, en frá kyrkjufélaginu. Og hann gengur í það, að reyna að taka fyrir trúar og hugsanafrelsi vort, án þess vér verðum varir við það, með því að halda oss í sömu andlegu herkvínni, og vér höfum allt af verið í undir ófrjálslegum og aulalegum kyrkjulögum á Íslandi.

Vér efumst ekki um, að mönnum hafi ekki dottið í hug, að þessu væri þannig varið, en það er heldur ekki hægt að reka sig úr skugga um, að það sé einmitt svo, þegar farið er að skoða það. Það hefði kannske margir látið það vera, að gefa „tú centin“ til þess að kúga landa sína, eða að minnsta kosti þeir menn kyrkjufélagsins, er álsta að hver ætti að fá að vera í friði með sínar skoðanir, ef þeim hefði verið þetta ljóst, en af því það hefir verið breidd þessi blæja yfir það og alltaf verið hamr-að á því að vér værum allir lútherskir, þá hefir kannske gefendunum fundist þeir vera að gera góðverk með því, að leggja þetta af mörkum.

Aðal-ósannindin eru innifalin í þeirri staðhæfingu, að allir sé þeirrar trúar, er lögin skipa í landinu, sem þeir koma frá. Eins og rannsókn sú sýnir, sem hafin hefir verið í því máli af Unitarafélaginu, þá er enginn hlutur meir fjarri sanni. Upphaf-lega hafa menn ýmsar skoðanir í trúmálum, og svo við það, að flytja í nýja heimsálfu og kynnast þar margvislegum útleggingum hinna kristnu lífsskoðana, smá skýrist fyrir þeim þeirra eigin lífsskoðun, og þeir ná áttum.

Þeir fara að hngsa. Og það, sem aðgengilegast er fyrir skynsemi þeirra og velsæmi, það eitt verður þeim að rótgróinni sannfæringu, en hinu er hent fyrir borð.

Pess vegna í stað þess, að nokkur hætta sé á ferðum að lofa skoðunum manna að hafa sinn eðlilega gang, þá er hættan einmitt innifalin í því, að reyna að stöðva þessa andlegu framþróun, að leggja hrösunarhellur á veginn fyrir menn, svo að þeir komist aldrei að því takmarki, að eignast sjálfstæða trú.